


Og þessi vasi (úr myndröðinni „Fólk") er meðal þess sem Sigrún sýnir á Kjarvalsstöðum. Ljósm. Eik.

inu, gott fyrir sálina og það hlýtur að hafa áhrif á það sem maður er að gera. Ég sakna að vísu svolítið skógarins og björsins í Danmörku", bætir hann við.

„Þetta er mátulega langt frá bænum. Og krökkunum, sem eru 11 og 12 ára, líður vel hérna. Enn sem komið er hefur lítill tími verið aflögu fyrir önnur áhugamál en glerið, en okkur dreymir um að eignast hesta", segir Sigrún um leið og hún rúllar stöngina, – glerkúlan á endanum fær á sig í langt form og verður smátt og smátt að fallegri skál. Glerið er sannarlega heillandi efni, gagnsætt og dularfullt, viðkvæmt og sífbreytilegt.

Það vakti athygli okkar að glerið sem þau nota er afgangsgler og nota þau raunar ekki nema örlítið af öllu því gleri sem fleygt er á Íslandi. Glerið er brætt í sérstökum ofni, sem er kyntur allan sólarhringinn.


Þetta er því sannkölluð „nytjalist" í tvöfaldri merkingu og væri raunar hægt að nýta afgangsgler úr glerverksmiðjum hér í að framleiða allskyns umbúðagler t.d. flöskur og krukkur. Í staðinn er flutt inn umbúðagler fyrir mikið fé, en fleygt hráefni í það í tonnum.

„Við fáum okkar hráefni frá Íspan og notum um 10-15 tonn á ári, en þeir fleygja um 5 tonnum í hverri viku, svo þú sérð að nóg er af hráefninu. Auðvitað ætti að framleiða umbúðagler (glerkrúsir og flöskur) úr þessum afgöngum þannig að hægt væri að selja t.d. íslenska síld í fallegum glerkrukkum, sem framleiddar væru hér á landi", segir Sigrún.


Hér með er þessari hugmynd komið á framfæri og væri vonandi að einhver gripi hana á lofti, því oft leita menn langt yfir skammt þegar verið er að reyna að finna ný „atvinnutækifæri" fyrir landsmenn.

Þess má geta að lokum um leið og Sigrún og Søren glerblásarar eru kvödd, að þau hafa hlotið margvíslegar viðurkenningar og verðlaun fyrir verk sín og nú nýlega óskaði Listiðnaðarsafnið í Kaupmannahöfn eftir því að fá keyptar skálar Sigrúnar á sýninguna „Scandinavia Today". Er það í fyrsta sinn sem þetta safn festir kaup á verki eftir íslenskan listamann. Þá eru að byrja að koma pantanir frá Bandaríkjunum og víðar. Og þeir sem hafa áhuga á að skoða verk þeirra ættu að labba við á Kjarvalsstöðum næstu tvær vikurnar á sýninguna „Stefnumót glervina" sem opin er til 16. september.

– þs.



Hér er Søren að blása glerið.



Litum sáldrað yfir glerkúluna.



Verk þeirra Sørens og Sigrúnar eru sannarlega ólík. Hér er Søren við nokkra af sýningargripum sínum.




Lita Ford með aðstoðarmönnum, en þess má geta að Aldo Nova leikur á hljóðgerfil á nýju plötunni hennar.

Með hring á fingri

Hún Lita Ford hefur gefið út aðra sólóplötu sína og ber hún heitið Dansað á ystu nöf (Dancin' on the edge) og er, eða á að vera, ægilega töff. Lita Ford var áður í pönkrokkhljómsveitinni The Runaways sem Kim nokkur Fowley stofnaði í gegnum dagblaðaauglýsingar árið 1976. Var þetta nokkurs konar karlabrandari, að stofna kvennahljómsveit, og sprakk enda fljótlega upp í loftin blá. Lita þykir hin færasta á gítarinn, og svona í trúnaði finnst mér þessi þungarokkskífa með þeim betri í þessu *hevvidóti* öllu saman. Hún semur jafnframt lög sín sem eru yfir meðallagi en textarnir eru eins og gerist og gengur – alveg óþarfi að sperra eyru eftir þeim.

P.S.: Lita Ford ber m.a. hringa bæði á júpiter (vísifingri) og merkúríusi (litla putta) sem þýðir sitt af hverju tagi, en verður eigi upplýst hér á þessum síðum. Þetta er ekki klámrit, heldur Þjóðviljinn. ♀♂





Hinir uppstríluðu Olnbogar og Fjárkúgarar. Nostalgían lengi blífur.

Nýja Jórvík í dögun

Ég ætla að vekja athygli á plötu. Lygilega fornsögulegri, sé mið tekið af hljóðgeflatónafliðði nfunda áratugarins. Hljómsveit, sem kallar sig Elbow Bones and the Racketeers og er natúrlígvís amrísk, hefur eins og sumir æði mikið dálæti á þeirri tónlist sem tryllti fólk innan dansveggja búllanna á fjórða áratugnum, og þá sér í lagi í stórborgum Amríku. *Ballroomdancing:* allir smeygðu sér í léttan djæv og fíluðu geimið sem brátt mjakaði sér uppum alla veggi án verulegrar áreynslu. Að líða áfram kinn við kinn var tilgangur lífsins, ilmvatnsanganin og rakspíralyktin snertust líka, sumum til óblandinnar ógleði, en flestum til nokkurrar ánægju. Rauðar varir og vel hnýtt bindin, sokkaböndin og hattarnir, allt heila klabbið sem fylgdi tísku þessarra tíma eins óholllt og það kynni að vera, hefur yfir sér, enn í dag, nokkuð varman sjarma og ósnertanleika sem aldrei verður höndlaður, sem betur fer.

Á góðan hátt hafa Olnbogabeinin blandað fönki og rokki saman við gömlu dansmelódíurnar og er útkoman aldrei leiðinleg, frekar heimskulega skemmtileg og ætti að gleðja tískulistamenn í partíum, ef þeir eru nokkuð við skál og mættir með hattana sína, slaufurnar og rauða varalitinn. ♀

Eartha Kitt

Leiðrétting

Í greininni um Earthu Kitt í síðustu Dægurmálum féll úr setning sem umbreytti merkingu Earthu um hið góða líf til muna. Hér með birtist hið rétta í málinu.

„Hið góða líf er þegar þú finnur þessa fullnægju innra með þér að þú sért eitthvað. Og þá skiptir engu máli hvort þú er mikil stjarna, besti verkfræðingurinn eða strætisvagnastjórinn, heldur hvort þú ert sæl með sjálfa þig, finnur innri ánægju. Þetta er fyrir mig hið góða líf, ásamt velgengni."



Aðdáendum Spandau balletsins til mikilla harma verður minni dómur en lítill kveðinn upp hér yfir nýju plötunni þeirra Parade. Hún höfðar ekki til mín, er alltof einhæf og átakalaus. Það sem er þó kannske versti ljóðurinn af öllum hinum er hve gersneydd allri kímni eða öðrum sjarma hún er. Þeir leika vel á hljóðfærin sín, það vantar ekki, en hvar er innblásturinn, sálin???

♀